



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

Alþingi
Erindi nr. P 132/1613
komudagur 18.4.2006

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. apríl 2006

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum, 684. mál.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins ræddi á fundi sínum í dag frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, þar sem sett eru skýrari og fyllri ákvæði um samlagshlutafélög.


Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fagnar frumvarpinu og styður eindregið að það verði að lögum.

Frumvarpið, ásamt öðrum frumvörpum sem liggja fyrir þinginu um skattamál og fjárfestingar lífeyrissjóða, greiða mjög fyrir því að auðveldara verði að beina verulegum fjármunum til nýsköpunar í atvinnulífinu og ekki síst gera þessar lagabreytingar mögulegt að skrá og reka slík félög á Íslandi.

Allar þessar lagabreytingar eru forsenda þess að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins geti, ásamt lífeyrissjóðum og fjármálastofnunum, komið á fót öflugum sjóði í samræmi við ákvörðun stjórnvalda að ráðstafa til sjóðins 1,5 milljarði króna enda takist honum að afla frá öðrum fjárfestum að minnsta kosti sömu upphæðar.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins ítrekar að brýnt er að frumvarpið nái fram að ganga á yfirstandandi þingi.

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR ATVINNULÍFSINS



Jón Steindór Valdimarsson
stjórnarformaður